

# Innritunarreglur Leikskólans í Stykkishólmi

---

1. Leikskólinn í Stykkishólmi er rekinn af Stykkishólmsbæ og er fyrir börn frá 1 árs til 6 ára aldurs með lögheimili í Stykkishólmi eða Helgafellssveit. Skólinn tekur alls 70 börn. Leikskólinn starfar í þremur deildum. Miðað er við að jafnaði séu 20 börn á yngstu deild, 24 börn á mið deild og 26 börn á elstu deild. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 - 17:00 alla virka daga. Í boði er sveigjanlegur vistunartími, 4 - 9 1/4 tímar á dag. Vistunartími hvers barns er sá sami alla daga vikunnar.
2. Sækja skal um leikskólavist á þar til gerðum eyðublöðum sem fást í leikskólanum og á heimasíðu Stykkishólmsbæjar. Umsóknir skulu berast leikskólanum eða bæjarskrifstofu Stykkishólmsbæjar.
3. Öllum foreldrum/forráðamönnum barna er heimilt að sækja um leikskóladvöl óháð lögheimili en leikskólavist er ekki úthlutað nema staðfest er að barnið eigi lögheimili í Stykkishólmi eða Helgafellssveit. Hægt er að sækja um tímabundna undanþágu vegna lögheimils enda liggja fyrir gildar ástæður s.s. námsdvöl, veikindi o.fl. Leggja þarf fram samþykki lögheimilissveitarfélags um greiðslu á hlut Stykkishólmsbæjar vegna leikskólavistar barnsins og samþykki Stykkishólmsbæjar um undanþágu frá lögheimili.
4. Foreldrar eru hvattir til þess að sækja tímanlega um leikskólavist fyrir börn sín. Ef óskað er eftir leikskóladvöl að hausti, þarf umsókn að liggja fyrir í síðasta lagi 1. maí, það ár. Hægt er að óska eftir forgangi fyrir börn með greiningu frá viðurkenndum greiningaraðilum og börn einstæðra foreldra. Beiðni um forgang og öðrum erindum frá félagsþjónustu er sinnt eftir fremsta megni.
5. Foreldrum berast svör um leikskólavist barns og væntanlegan aðlögunartíma með eins góðum fyrirvara og auðið er og ekki seinna en mánuði áður en aðlögun hefst.
6. Ef biðlisti myndast er leikskólavist úthlutað eftir aldri barns og eldri börn fá vistun á undan sér yngri. Þegar kemur að vali milli barna sem fædd eru á sama ári og hafa náð tilskildum aldri, gildir aldur umsókna. Aðlögun barna fer að mestu leyti fram í júní, ágúst og september. Eftir að hefðbundnum aðlögunartíma lýkur eru aðrir aðlögunartímar skoðaðir sérstaklega ef og þegar það eru laus leikskólapláss.
7. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leikskólavist er einn mánuður. Miðað er við 1. eða 15. hvers mánaðar. Segja skal upp leikskólavist skriflega á eyðublöðum sem fást í leikskólanum. Ef breyta á leikskólatíma barns verður sú breyting að gilda í 3 mánuði. Þar af leiðandi eru börn ekki tekin inn fyrir skemmri tíma er 3 mánuði nema sérstakar ástæður liggja fyrir, sbr. 4. gr.

# Innritunarreglur Leikskólans í Stykkishólmi

---

8. Gjaldskrá leikskólans má finna á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 24.04.2013